

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 932/2019 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af kostnaði við hirðingu og umsýslu á 140 l brúntunnu, 240 l grátunnu og 240 l blátunnu. Brún- og blátunna eru tæmdar á 21 dags fresti en grátunna á 30 daga fresti. Sorphirðunur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðarhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús:	kr. 42.100
	Auka 240 l tunna í blátunnu:	kr. 45.000

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnæði	kr. 26.900
	Sumarbústaðir	kr. 28.200
	Atvinnuhúsnæði	kr. 65.800

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámasvæða, afsetningar úrgangs frá gámasvæði, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaður vegna gámasvæða jafnast niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. skráningu á magntölum hjá starfsmanni á gámasvæði. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

a. flokkur		kr. 47.000
b. flokkur		kr. 100.200
c. flokkur		kr. 150.000
d. flokkur		kr. 250.000
e. flokkur		kr. 332.300
f. flokkur		kr. 500.200
g. flokkur		kr. 668.000
h. flokkur		kr. 829.500
i. flokkur		kr. 1.002.000

#### 4. gr.

##### *Leiga á sorpilátum.*

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirtækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir heypplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er tæming þeirra á reglulegum dögum blátunnu-hirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa sjálfir að sjá um tæmingu íláta eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.